



DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA

Þann 20. nóvember 1989, eða fyrir 35 árum síðan, var Barnasáttmálinn samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Á Íslandi var samningurinn fullgiltur árið 1992 og lögfestur árið 2013.

Kæri kennari

Eins og mörg vita þá er Degi mannréttinda barna fagnað víða um heim þann 20. nóvember ár hvert. Í ár munum við hjá Barnaheillum tileinka daginn börnum sem hafa verið neydd til að flýja heimili sitt og réttindum þeirra.

Í tengslum við daginn höfum við útbúið stutt myndband þar sem rætt er við börn frá Grindavík, Úkraínu og Palestínu sem öll eiga það sameiginlegt að hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Auk þeirra er rætt við sérfræðing í fjölmeningarmálum. Myndbandinu er ætlað að gefa okkur innsýn í hvernig börnunum líður, hvers þau sakna og hverjir framtíðardraumar þeirra eru. Myndbandinu fylgir verkefni sem er ætlað að fá börnin til að íhuga stöðu og réttindi þessara barna og setja sig í spor þeirra.

Markmiðið með myndbandinu er að vekja athygli á því áfalli sem það er að missa heimili sitt og mikilvægi þess að hlúa vel að þessum hópi barna. Öll getum við gert eitthvað, en hvað þarf að gera betur?

Við mælum með að kennarar horfi á myndbandið á undan börnunum, því bæði myndefni og viðtöl geta vakið ýmsar tilfinningar. Gott er að ræða um líðan barnanna í kjölfarið.

Við vonum að þú viljir taka þátt í vitundarvakningunni með okkur um stöðu þessara barna með því að sýna nemendum þínum myndbandið og vinna verkefni með þeim í kjölfarið.

Myndbandið og verkefnið henta börnum á öllum aldurstigum grunnskólans.

Einn liður í verkefninu er að kalla eftir hugmyndum barna um hvað stjórnvöld gætu gert betur í málefnum barna sem hafa þurft að flýja heimili sitt. Við biðjum þig að senda okkur hugmyndir þeirra og í kjölfarið senda Barnaheill ákall barna á Íslandi á ríkisstjórnina.

VERKEFNAVINNA OG SKIPULAG

Hugmynd að verkefnavinnu í kjölfar myndbands

	Verkefni	
	5 mín.	Segið nemendum að í dag sé Dagur mannréttinda barna. Ef þið hafið ekki unnið sérstaklega með Barnasáttmálann getur verið sniðugt að spyrja nemendur hvort þau þekki til sáttmálans og jafnvel skoða hann á Barnasattmali.is .
	10 mín.	Útskýrið verkefnið og sýnið myndbandið.
	15 mín.	Skiptið nemendum í litla hópa t.d. 4-6 saman. Biðjið hvern hóp að fletta upp barnasáttmálanum ef þau hafa skólataeki eða verið búin að prenta út myndir af honum og dreifið.
	10 mín.	Biðjið nemendur að ræða saman og svara eftirfarandi spurningum: <ol style="list-style-type: none">1. Ef þú þyrftir að flýja heimili þitt í hveli, hvað myndir þú taka með þér?2. Hvað gætir þú ekki tekið með (t.d. rúmið, öryggistilfinninguna, skólann, vinina ...)

		<p>3. Hvaða réttindi í Barnasáttmálanum ná yfir stöðu barna sem hafa þurft að flýja heimili sitt?</p> <p>4. Hvað geta bekkjarfélagar gert til að taka vel á móti börnum í þessari stöðu?</p>
	5 mín.	Ef þið eruð að vinna með ung börn þá getið þið sleppt hópavinnu og varpað spurningunum yfir allan hópinn í einu.
	10 mín.	Dragið saman, biðjið einn úr hverjum hópi að nefna svar hópsins við einhverri af spurningunum og bjóðið hinum að bæta við svarið. Farið yfir allar spurningarnar.
	5 mín.	Leggið stórt blað á borð og bjóðið nemendum að koma og skrifa á blaðið hvað þau leggja til að stjórnvöld geri til að hjálpa börnum sem hafa þurft að flýja heimili sitt. Ef þið eruð að vinna í skólatækjum getið þið beðið þau að skrifa inn í sameiginlegt skjal.
	5 mín.	Hengið blaðið upp á vegg til áminningar og takið mynd af því og deilið með okkur. Við munum taka hugmyndir nemenda saman og útbúa sameiginlegt ákall frá nemendum um allt land til nýrrar ríkisstjórnar.



10
mín.

Ef þið viljið bæta við verkefnið þá er hægt að bjóða nemendum að teikna myndir, skrifa ljóð, búa til leikrit eða fara í fallhlíf. Þá fá nemendur úthlutað ca. 10 réttindum sem kennari hefur valið, þeir þurfa svo að létta á fallhlífinni með því að henda 6 réttindum fyrir borð. Hverju myndu þau fórna? Hvað yrði eftir? Af hverju?

ÁKALL TIL RÍKISSTJÓRNARINNAR

Í kjölfar verkefnavinnunnar langar okkur að biðja ykkur um að deila með okkur hugmyndum barnanna í gegnum [þetta rafræna skráningarform á heimasíðu okkar](#).

Við munum svo taka raddir barnanna saman og senda ákall á ríkisstjórnina.

